

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um Olweus-átak gegn einelti í grunnskólum.

1. *Hvaða grunnskólar taka þátt í Olweus-átakinu gegn einelti og hversu margir nemendur, starfsmenn og foreldrar taka þátt í því?*

Í desember 2000 skipaði samráðsnefnd grunnskóla að beiðni menntamálaráðherra starfshóp um aðgerðir gegn einelti. Í samráðsnefnd grunnskóla eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum kennara og skólastjóra. Hlutverk starfshópsins, sem skipaður var fulltrúum frá öllum fyrrgreindum aðilum auk fulltrúa Heimilis og skóla, var að gera tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við einelti.

Forsaga málsins er sú að árið 1998 fól menntamálaráðuneytið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að rannsaka umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í september 1999. Í framhaldi af rannsókninni gerði stofnunin aðra rannsókn á úrræðum skóla við lausn á eineltisvandamálum og lágu niðurstöður fyrir í september 2000. Markmið þeirrar rannsóknar var að kanna hvernig tekið væri á eineltismálum í skólum og hvernig foreldrar, nemendur og sérfræðingar tengdust því ferli.

Starfshópur samráðsnefndar grunnskóla hafði þessar rannsóknir til hliðsjónar við tillögu-gerð sína um forvarnir í grunnskólum. Í tillögum, sem menntamálaráðherra samþykkti var m.a. gerð grein fyrir hugmyndum norska prófessorsins Dans Olweus, sem hefur þróað aðgerðaáætlun gegn einelti í grunnskólum. Áætlunin byggist á niðurstöðum viðamikilla rannsókna og áratuga vinnu. Þar sem aðferðum Olweus hefur verið beitt í grunnskólum í Noregi hefur eineltið minnkað um 30–70%, auk þess sem skemmdarverk og önnur hegðunar- og samskiptavandamál minnkuðu verulega. Þess má geta að Dan Olweus hlaut lýðheilsuverðlaun Norðurlanda 2002 vegna forvarnagildis verkefnisins. Bandarískir sérfræðingar völdu Olweus-kerfið eina af tíu bestu aðferðunum til þess að draga úr ofbeldi og glæpum meðal ungmenna í Bandaríkjunum.

Í Noregi hefur ríkisstjórnin hrint af stað átaki þar sem kerfi Olweus er lagt til grundvallar og er öllum skólum gefinn kostur á að taka þátt í átakinu og innleiða kerfið.

Hér á landi var kerfi Olweus kynnt á málþingi um einelti sem menntamálaráðuneytið efndi til í nóvember 2001 þar sem Dan Olweus var aðalfyrirlesari. Í kjölfar ráðstefnunnar ákvað samráðsnefnd grunnskóla að fela starfshópnum, sem áður er nefndur, að undirbúa framkvæmd aðgerðaáætlunar hér á landi að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og annarra hlutaðeigandi aðila og að verkefnið yrði samstarfsverkefni ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla.

Styrktaraðilar eru, auk menntamálaráðuneytisins, Kennarasamband Íslands og þátttöku-sveitarfélögin. Kennaraháskólinn hefur einnig styrkt verkefnið á myndarlegan hátt, m.a. með því að sjá framkvæmdastjóra fyrir húsnæði.

Olweus-verkefnið fór af stað á Íslandi haustið 2002 með þátttöku 43 skóla og aðild nokkurra skólaskrifstofa og Háskólans á Akureyri. Haustið 2003 bættust tveir skólar við svo

að nú eru 45 skólar virkir í verkefninu. Af þeim eru tíu í Reykjavík, fjórir á Vesturlandi, sjö á Vestfjörðum, þrír á Norðurlandi vestra, tíu á Norðurlandi eystra, tveir á Austurlandi, einn á Suðurlandi, fjórir á Reykjanesi og fjórir í Kópavogi. Að auki eru fjórar skólaskrifstofur virkar í samstarfinu. Sundurliðun er í meðfylgjandi töflu.

Samtals eru í þessum skólum á fjórtánda þúsund nemendur eða þriðjungur allra grunn-skólanemenda í landinu. Þá eru allir starfsmenn skólanna og starfsfólk tengdra stofnana þátt-takendur og hafa um 2400 starfsmenn tekið markvisst þátt í Olweus-verkefninu.

Samhliða verkefninu njóta 18 sérstakir verkefnisstjórar handleiðslu Olweus-hópsins í Björgvin í Noregi og eru verkefnisstjórnarnir jafnframt faglegir leiðbeinendur í skólunum. Stefnt er að því að verkefnisstjórar verði áfram leiðbeinendur þegar fyrstu áætlun lýkur vorið 2004 og nýir skólar bætast við.

Þátttakendur í Olweus-verkefninu 2002–2004.

Móðurskóli	Nemar	Handb.fj.	Samstarfsskólar	Nemar	Handb.fj.
Austurbæjarskóli	611	83	Melaskóli	622	73
			Vesturbæjarskóli	310	52
Engjaskóli	431	55	Víkurskóli	431	39
			Klébergsskóli	163	25
Réttarholtsskóli	322	53	Breiðagerðisskóli	378	62
Seljaskóli	676	100			
Ölduselsskóli	587	90			
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga		8	Grunnsk. á Hellissandi	97	24
			Grunnsk. í Ólafsvík	174	30
			Grunnsk. í Grundarfirði	204	31
			Grunnsk. í Stykkishólmi	204	42
Patreksfjörður	117	23	Grunnsk. á Tálknafirði	62	15
			Bíldudalsskóli	36	6
			Birkimelsskóli	18	4
Grunnskólinn á Ísafirði	546	75	Flateyri	38	
			Suðureyri		
Árskóli, Sauðárkróki	464	80	Varmahlíðarskóli	110	30
			Grunnskóli Siglufjarðar	217	45
Húsabakkaskóli	53	20	Árskógarskóli	67	15
			Grunnskólar Ólafsfirði	172	40
Háskólinn á Akureyri		1	Glerárskóli	450	50
			Brekkuskóli	548	75
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga			Borgarhólsskóli	415	72
			Öxarfjarðarskóli	74	20
Heppuskóli	123	16	Hafnarskóli	161	24
Vallaskóli	903	135			
Grunnskólinn í Sandgerði	269	57	Heiðarskóli	495	62
			Njarðvíkurskóli	411	62
			Gerðaskóli	215	39
Smáraskóli	635	90	Hjallaskóli	472	73
Snælandsskóli	461	75	Salaskóli	300	40
			Húsavíkurkaupstaður		6
<i>Samtals</i>	<i>6198</i>	<i>961</i>		<i>6844</i>	<i>1056</i>

2. *Hvernig metur ráðherra árangur af áttakinu til þessa og hvers væntir hann af því á komandi árum?*

Einelti í grunnskólum hefur verið í brennidepli undanfarin ár og hafa ýmsir látið málið til sín taka. Einelti er alvarlegt mál og mikilvægt er að bregðast við á faglegan hátt. Olweus-verkefnið er dæmi um markviss vinnubrögð sem byggjast á fagmennsku og áratuga löngum rannsóknum og miðast við að skólar taki á heildrænan hátt upp skipulagt kerfi til að takast á við og fyrirbyggja einelti. Þótt gert sé ráð fyrir að það taki hvern skóla tvö ár að innleiða kerfið er ekki litið svo á að verkefninu ljúki að tveimur árum liðnum heldur á kerfið að verða eðlilegur hluti af skólastarfi viðkomandi skóla. Styrkur verkefnisins felst ekki síst í því að allir starfsmenn skólanna taka þátt í því og fá leiðsögn og fræðslu allan tímann auk náins samstarfs við foreldra.

Verkefnisstjórnir gegna nú lykilhlutverki, en þeir eru flestir námsráðgjafar eða kennarar. Þeir eru 18 talsins og hafa notið fræðslu og leiðsagnar norsku sérfræðinganna, þar á meðal Dans Olweus, með reglubundnum kennslulotum hér heima. Að loknu tveggja ára tímabilinu verða þeir „löggitir“ sérfræðingar í Olweus-kerfinu og geta tekið að sér leiðsögn annarra.

Í nóvember 2002 var könnun á einelti í þáttökuskólum lögð fyrir alla nemendur í 4.–10. bekk. 11,5% nemenda í 4.–7. bekk sögðust vera lagðir í einelti en 7,6% nemenda í 8.–10. bekk. Í nóvember 2003 var aftur lögð fyrir könnun í sömu skólum og ættu niðurstöður hennar að liggja fyrir snemma árs 2004. Sýnt hefur verið fram á mælanlegan árangur verkefnisins í Noregi.

Þegar eineltismál hafa komið upp í þáttökuskólunum eru þau strax sett í markvissan farveg þar sem unnið er eftir ákveðnu kerfi sem allir starfsmenn skólans þekkja og hafa fengið fræðslu og leiðsögn um á tveggja ára tímabilinu. Starfsmenn skólanna geta því tekið mun ákveðnar á málum en ella og af meira öryggi í samstarfi við foreldra. Foreldrar vita að afdráttarlaust er tekið á eineltismálum og að umsjónarkennarar gegna mikilvægu hlutverki í meðferð þeirra mála. Gefinn hefur verið út vandaður bæklingur til að upplýsa foreldra m.a. um hvernig bregðast eigi við einelti.

3. *Hversu margir skólar hafa sótt um að taka þátt í Olweus-áttakinu gegn einelti frá haustinu 2004? Hvar eru þessir skólar á landinu?*

Menntamálaráðuneytið kannaði í júní 2003 áhuga grunnskóla á þátttöku í nýjum áfanga Olweus-verkefnisins sem fyrirhugað var að hefja haustið 2004 ef næg þáttaka fengist. Mikill áhugi kom fram meðal grunnskóla og sveitarfélaga á að taka þátt í verkefninu. Af þeim sökum hafa samstarfsaðilar ákveðið að hrinda af stað nýju verkefni og Þorláki Helgasyni framkvæmdastjóra falið að gegna starfinu áfram.

Nú þegar hafa 55 skólar sótt um þátttöku frá haustinu 2004 sem skiptast nokkuð jafnt á milli kjördæma í landinu. Heildarnemendafjöldi þessara 55 skóla er tæplega 15.000. Sundurliðun er í töflunni.

Skóli	Nemar haust		
	2001	2003	Skólagerð
<i>Reykjavík</i>			
Foldaskóli	639	600	1.–10. b.
Vogaskóli	410	411	1.–10. b.
Húsaskóli	468	452	1.–10. b.
Langholtsskóli	538	553	1.–10. b.
Selásskóli	411	372	1.–10. b.
Laugalækjarskóli	284	289	8.–10. b.
Korpuskóli	200	199	1.–10. b.
Hólabrekkuskóli	595	574	1.–10. b.
Rimaskóli	815	784	1.–10. b.
Árbæjarskóli	806	796	1.–10. b.
Hamraskóli	361	349	1.10. b.
Brúarskóli	0	20	1.–10. b.
Grandaskóli	412	355	1.–7. b.
Álftamýrarskóli	363	358	1.–10. b.
Hagaskóli	518	591	8.–10. b.
<i>Nemendur samtals:</i>	<i>6820</i>	<i>6703</i>	
<i>Norðvesturkjördæmi</i>			
Grunnskólinn í Borgarnesi	311		1.–10. b.
Kleppsjárnsreykjaskóli	123		1.–10. b.
Laugagerðisskóli	41		1.–10. b.
Drangsnesskóli	30		1.–10. b.
Andakílsskóli	34		1.–5. b.
Grunnskólinn á Þingeyri	61		1.–10. b.
Grunnskóli Bolungarvíkur	144		1.–10. b.
Súðavíkurskóli	32		1.–9. b.
Grunnskóli Húnaþings vestra	178		1.–10. b.
Grunnskólinn á Blönduósi	137		1.–10. b.
<i>Nemendur samtals:</i>	<i>1091</i>		
<i>Norðausturkjördæmi</i>			
Dalvíkurskóli	256		1.–10. b.
Hrafnagilsskóli	189		1.–10. b.
Grunnskóli Skútustaðahrepps	82		1.–10. b.
Vopnafjarðarskóli	113		1.–10. b.
Grunnskólinn í Breiðdal	36		1.–10. b.
Nesskóli, Neskaupstað	225		1.–10. b.
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	47		1.–10. b.
Grunnskólinn á Eskifirði	154		1.–10. b.
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	98		1.–10. b.
Valsárskóli	81		1.–10. b.
Grunnskóli Raufarhafnar	45		1.–10. b.
Grunnskóli Djúpavogs	75		1.–10. b.
Fellaskóli	103		1.–10. b.
<i>Nemendur samtals:</i>	<i>1504</i>		

Skóli	Nemar haust		
	2001	2003	Skólagerð
<i>Suðurbjörddæmi</i>			
Hamarsskóli í Vestmannaeyjum	324		1.–10. b.
Barnaskóli Vestmannaeyja	457		1.–10. b.
Hvolsskóli	227		1.–10. b.
Þykkvabæjarskóli	33		1.–7. b.
Flúðaskóli	181		1.–10. b.
Villingaholtsskóli	20		1.–7. b.
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	238		1.–10. b.
Grunnskólinn í Hveragerði	373		1.–10. b.
Ljósafofsskóli	52		1.–10. b.
Grunnskólinn í Grindavík	408		1.–10. b.
Flóaskóli	57		1.–7. b.
Brautarholts- og Gnúpverjaskóli	60		1.–7. b.
BES	170		1.–10. b.
Kirkjubæjarskóli	84		1.–10. b.
<i>Nemendur samtals:</i>	<i>2684</i>		
<i>Suðvesturbjörddæmi</i>			
Setbergsskóli í Hafnarfirði	741		1.–10. b.
Öldutúnsskóli í Hafnarfirði	696		1.–10. b.
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar			
Varmárrskóli í Mosfellsbæ	826		1.–10. b.
Digranesskóli	501		1.–10. b.
<i>Nemendur samtals:</i>	<i>2764</i>		
<i>Samtals</i>	<i>14863</i>		

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að öllum grunnskólum hér á landi gefist kostur á að taka þátt í Olweus-átakinu á næstu árum?*

Menntamálaráðherra hefur lagt sérstaka áherslu á að aðgerðir gegn einelti í grunnskólum séu faglegar og markvissar og beitt sér fyrir því að verkefnið nái fram að ganga með öflugum fjárstuðningi frá upphafi. Veittur var 5 millj. kr. styrkur til verkefnisins á árunum 2002–2004 og nú hefur hefur ráðherra ákveðið að veita áframhaldandi styrk sem nemur 3 millj. kr. árlega til 2006.

Ráðuneytið veitir verkefninu fjárhagslegan stuðning, en það er undir hverju sveitarfélagi komið að ákveða hvort grunnskólarnir þar taka þátt í verkefninu. Olweus-verkefnið er fyrst og fremst endurmenntunarverkefni fyrir allt starfsfólk skólanna og hafa sveitarfélög og einstakir skólar nýtt sér það. Verkefnið hefur reynst vel og greiðlega hefur gengið að aðlaga það íslenskum aðstæðum. Það er nú þegar orðið eitt umfangsmesta endurmenntunarverkefnið í íslenskum grunnskólum.

Þegar er hafinn undirbúningur að næstu lotu og stýrihópur samstarfsaðila fer nú yfir þær umsóknir sem borist hafa um þátttöku. Fjöldi skólanna í næstu lotu mun ráðast af mannafla til leiðsagnar (verkefnisstjóra) og fjármagni.

Menntamálaráðuneytið lítur mjög jákvæðum augum á verkefnið og mun fylgjast vel með framvindu þess og árangri á næstu árum. Sjálfsagt er að skoða hvernig unnt verði að bregðast við ef fleiri skólar óska eftir þátttöku í framtíðinni.